

Bland í poka

Á unglingastigi verður áframhaldandi þróun á verkefninu „Bland í poka“ eða BÍP. Nafnið á þróunarverkefninu, Bland í poka eða BÍP, kemur frá nemendum en nemendur komu sjálfir með tillögur að nöfnum og kusu nafn á verkefnið að hausti 2019.

Nemendur eru í BÍP tímum einu sinni í viku í tvær klukkustundir í senn og einu sinni í viku í svokölluðu BÍP vali í klukkustund í senn. Náms- og kennsla er skipulögð í teymisvinnu kennara og eru sérkennarar með í þessari teymisvinnu.

Í BÍP vinnur hvert teymi með ákveðið þema í einum árgangi í 4-6 vikur í senn. Notast er við mjög fjölbreyttar kennsluáðferðir til þess að reyna að komast til móts við sem fjölbreyttastan hóp nemenda. Almenn er skipulagið þannig að kennarar leggja inn ákveðið efni á ýmsa vegu, t.d. með hefðbundinni innlögn, púslaðferð, leikjum, myndbandi, samlestri eða á annan veg. Að innlögn lokinni vinna nemendur fyrirfram ákveðinn fjölda skylduverkefna og svo í kjölfarið valverkefni. Öll verkefni eru skipulögð út frá hæfniviðmiðum þeirra námsgreina sem samþættar eru hverju sinni en að auki hafa nemendur tækifæri til að tengja sjálfir hæfniviðmið við verkefnið sem þeir vilja efla hjá sjálfum sér ef þeir sjá færi til að sýna fram á hæfnina í gegnum verkefnið.

Í BÍP vali fá nemendur tækifæri til að velja sér námskeið eða þemaverkefni út frá áhugasviði á átta vikna fresti. Þau námskeið sem boðið er upp á í BÍP vali geta verið breytileg hverju sinni, sum námskeið er boðið upp á oft en einu sinni en önnur ekki. Í BÍP vali er blöndun á milli árganga í 9. og 10. bekk en 8. bekkur er sér.

Í allri BÍP vinnu reynir á lykilhæfni nemenda. Nemendur þurfa að vera skipulagðir, nýta margvíslega miðla í upplýsingaleit, úrvinnslu og miðlun. Einnig þurfa nemendur að vera skapandi í hugsun, sýna frumkvæði og áræðni. Síðast en ekki síst reynir á hæfni nemenda til að bera ábyrgð á eigin námi, vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.

Í BÍP og BÍP vali eru samþættar margar ólíkar námsgreinar. Ekki eru gefnar einkunnir fyrir einstök verkefni eða lotur heldur er lögð áhersla á að meta þau hæfniviðmið sem liggja fyrir hverju sinni, auk þeirra viðmiða sem nemandinn gæti hafa óskað eftir að kennari meti, í gegnum skyldu- og valverkefni. Námsmatið í BÍP og BÍP vali birtist því á hæfnikortum nemenda í öllum viðkomandi námsgreinum hverju sinni og hefur því áhrif á heildarmat/lokamat á hæfni nemenda í hverri grein.

Markmið BÍP eru að:

- Efla samvinnu kennara.
- Auka val nemenda.
- Nemendur vinni einstaklingslega og í hóp að hæfnimiðuðum verkefnum.
- Auka við fjölbreytta kennsluhætti.
- Fjölga tækifærum til samþættingar og þemaverkefna.
- Efla hæfnimiðað nám.
- Aukin einstaklingsmiðun.

- Betri nýting á sérfræðipokkingu sérkennara.
- Aukin samvinna nemenda.
- Aukin félagsfærni nemenda.
- Samábyrgð kennara á námi nemenda.
- Vænleg starfsskilyrði og aukin fagmennska.
- Gagnrýni og endurmat.
- Samræmdara námsmat.